

59.stjórnarfundur Kraftlyftingasamband Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 28.október 2015 og hófst kl. 17.15.

Mættir voru: Sigurjón Pétursson, Sturla Ólafsson, Kári Rafn Karlsson, Gry Ek og Árdís Ósk Steinarsdóttir, en hún er varamaður og tekur sæti Ásu Ólafsdóttur sem er í námsleyfi erlendis til áramóta.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Reglugerðir
 - Reglugerð um kraftlyftingakeppni uppfærð og samþykkt. Skýrt kveðið á um að allar undanþágur og frávik frá reglum þurfa samþykki stjórnar KRAFT.
 - Bætt inn í ákvæði um kviðdóm á ÍM í kraftlyftingum og klassískum kraftlyftingum opnum flokki.
 - Reglugerð um liðakeppni. ÍM í klassískri bekkpressu og Bikarmót í klassískum kraftlyftingum bætt inn í.
 - Reglugerð um Þjálfararáð lögð fram og samþykkt. Ákveðið að boða til stofnfundar í byrjun næsta árs.
 - Gry birtir á kraft.is og lætur Dómaranefnd vita.
3. Landsliðsmál.
 - Ferðareglur og nýr landsliðssamningur lagðar fram og samþykktar.
 - Gry birtir á kraft.is
 - Landsliðsnefnd fundar í næstu viku og gengur frá endanlegu vali fyrir næsta keppnistímabil.
4. RIG.
 - Endanlegur keppendalisti lagður fram og samþykktur.
 - Gry upplýsti að enn vantar einn dómara og fjölmiðlafulltrúa.
 - Unnið áfram með málið.
5. Önnur mál.
 - ákveðið að kaupa fleiri landsliðsbúninga
 - Grétar Hrafnsson sér um það.
 - upplýst að sambandið hefur fengið 200 000 kr frá Afrekssjóði ÍSÍ vegna landsliðsverkefna
 - árshlutauppgjöf jan-sept 2015 lagt fram
 - umsóknir til afrekssjóðs fyrir 2016 þarf að senda inn fyrir 11.nóv
 - landsliðsnefnd er með málið í vinnslu
 - ársþing IPF
 - Sigurjón verður forseti þingsins og er í framboði til varaformennsku.
 - Stjórnarmenn lesa þingskjöl og boðað verður til stjórnarfundar ef þurfa þykir.
 - upplýst að ÍM fatlaðra í kraftlyftingum verður haldið í Reykjanesbæ á næsta ári með aðstoð Massa. Mótið verður sett á mótaskrá KRAFT.

Ekkert fleira gert.
Fundi slitið 17.15
Fundarritari Gry Ek